# NEFNDARÁLIT UM RÁÐHERRANEFNDARTILLÖGU

norden

Norðurlandaráð

**B 278/näring**

Fjallað um í:
Efnahags- og viðskiptanefnd

Fylgiskjal:
Ráðherranefndartillaga

Númer skjals 12-00218-1

Nefndarálit efnahags- og viðskiptanefndar um

## Þingmannatillögu um ráðherranefndartillögu um nýja samstarfsáætlun ráðherranefndarinnar um vinnumál (MR-A) 2013-2016

### 1. Tillaga nefndarinnar

Efnahags- og viðskiptanefnd leggur til

*að* Norðurlandaráð færi samstarfsáætlunina til bókar;

*að* Norðurland tjái sig ekki um efnislegt innihald að svo stöddu sökum þess að allt of seint var leitað samráðs við Norðurlandaráð í ferlinu.

### 2. Aðdragandi

Dette samarbejdsprogram fastlægger det strategiske fokus for det formelle nordiske regeringssamarbejde på arbejdslivsområdet i perioden 2013-2016. Fokus er i programperioden på de langsigtede udfordringer som følger af globaliseringen og den demografiske udvikling, men samarbejdet prioriterer efter behov også mere konjunkturelt betingede udfordringer, som opstår i perioden.

Samarbejdet bygger fortsat primært på erfarings- og informationsudveksling under Ministerrådet for Arbejdsliv om nationale tiltag og resultater i forhold til de fælles udfordringer. Samstarfið felst einnig í mikilvægu tengslanetastarfi meðal starfsmanna í stjórnsýslu á sviði vinnumála á Norðurlöndum. Herunder vil den nordiske erfarings- og informationsudveksling, netværksdannelse og koordination i forbindelse med EU-initiativer og -forhandlinger samt implementering af EU-direktiver være centrale elementer i samarbejdet.

En hovedprioritering for samarbejdet på *beskæftigelses- og arbejdsmarkedsområdet* er at fremme arbejdsudbuddet, øge

beskæftigelsen og reducere den strukturelle ledighed for både kvinder og mænd. Formålet er at bidrage til holdbare offentlige finanser og de nordiske velfærdssamfunds bæredygtighed fremover samt at styrke inklusionen af marginaliserede grupper i samfundet. Målene er at mobilisere den interne arbejdskraftressource, styrke matchningen af udbud og efterspørgsel af arbejdskraft, fremme livslang læring målrettet mod arbejdsmarkedets behov, fremme tiltrækningskraften i forhold til efterspurgt arbejdskraft fra lande uden for EU/EØS, fremme koordinationen blandt relevante myndigheder samt at bekæmpe ledigheden blandt udsatte grupper og langtidsledighed. At bekæmpe ungdomsledigheden er blandt de største udfordringer og højeste prioriteter.

En hovedprioritering for samarbejdet på *arbejdsmiljøområdet* er at fremme sikkerhed, sundhed og velfærd i arbejdet for både kvinder og mænd. Formålet er at skabe et arbejdsmiljø, som er attraktivt, motiverende og inkluderende, og som forebygger arbejdsrelaterede fysiske og psykiske sundhedsproblemer. Samtidig skal det være udviklet under hensyntagen til internationale aftaler og EU's lovgivning. Målene er at styrke et godt arbejdsmiljø på arbejdspladserne, videreudvikle arbejdsmiljøstrategier og -tilsyn, modvirke uacceptable arbejdsforhold, 'social dumping' og diskrimination på arbejdsmarkedet, synliggøre betydning af god ledelse og aktiv medarbejderindflydelse, samt styrke en bæredygtig anvendelse af den enkelte arbejdstagers ressourcer.

En hovedprioritering for samarbejdet på *arbejdsretsområdet* er at følge op på den nordiske models vilkår, udfordringer og tilpasninger og udvikle den i et stadigt mere globaliseret arbejds- og erhvervsliv. Formålet er at værne om den nordiske model og det nordiske arbejdsmarkeds gode arbejdsvilkår, arbejdsmiljø og tilpasningsevne. Målene er at sikre en god balance mellem lønmodtagerbeskyttelse og fleksibilitet, fremme ligestilling og ligebehandling på arbejdsmarkedet samt at styrke det nordiske samarbejde i forhold til international regulering, først og fremmest i EU.

Et *tværgående prioritetsområde* vil fortsat være at forebygge og nedbryde grænsehindringer på det nordiske arbejdsmarked med henblik på at fremme den geografiske mobilitet, tiltrækningskraften og tilpasningsevnen yderligere. Den nordiske model udgør et godt grundlag for et velfungerende arbejdsliv, og samarbejdet med arbejdsmarkedets parter vil fortsat udgøre en naturlig del af det nordiske samarbejde.

Yderligere temaer, som følger op på mere *aktuelle politiske og faglige udfordringer*, vil i perioden blive nærmere fastlagt i de skiftende formandskabers sektorprogrammer samt i udvalgenes virksomhedsplaner og temaindretninger.

## 3. Høring

Då ministerrådsförslaget delgivits utskottet så pass sent (11/9), har utskottet inte haft möjlighet att inhämta synpunkter från berörda intressenter.

## 4. Sjónarmið nefndarinnar

Nefndin harmar að sér hafi borist áætlunin of seint til að hægt væri að leita álits hjá óháðum haghöfum. Nefndin vill einnig benda á að framvegis er æskilegt að nefndinni gefist tækifæri á að gefa álit sitt áður en áætlun liggur tilbúin til prentunar, að öðrum kosti mætti ætla að nefndarálit hefði borist of seint til að hægt væri að taka tillit til þess. Nefndin óskar því ekki eftir að gefa álit sitt á ráðherranefndartillögunni að svo stöddu.



Norðurlandaráð

Norðurlandaráð

**B 278/näring**

Fjallað um í:
Efnahags- og viðskiptanefnd

Fylgiskjal:
Ráðherranefndartillaga

Númer skjals 12-00218-1

Norðurlandaráð

**B 278/näring**

Fjallað um í:
Efnahags- og viðskiptanefnd

Fylgiskjal:
Ráðherranefndartillaga

Númer skjals 12-00218-1

Norðurlandaráð

**B 278/näring**

Fjallað um í:
Efnahags- og viðskiptanefnd

Fylgiskjal:
Ráðherranefndartillaga

Númer skjals 12-00218-1

Norðurlandaráð

**B 278/näring**

Fjallað um í:
Efnahags- og viðskiptanefnd

Fylgiskjal:

## 5. Niðurstaða

Í ljósi þess sem hér kom fram leggur efnahags- og viðskiptanefnd til

*að* Norðurlandaráð færi samstarfsáætlunina til bókar;

*að* Norðurland tjái sig ekki að svo stöddu um efnislegt innihald sökum þess að allt of seint var leitað samráðs við Norðurlandaráð í starfinu.

Gautaborg, 26. september 2012

| | |
|---|---|
| *Alf Egil Holmelid (SV)* | *Harry Jansson (ÅC)* |
| *Arto Pirttilahti (cent)* | *Jessica Polfjärd (m)* |
| *Billy Gustafsson (S)* | *Ragnheiður Ríkharðsdóttir (Sj.)* |
| *Eeva-Johanna Eloranta (sd)* | *Tor-Arne Strøm (A)* |
| *Eero Suutari (saml)* | *Torgeir Trældal (FrP)* |

Norðurlandaráð

**B 278/näring**

Fjallað um í:
Efnahags- og viðskiptanefnd

Fylgiskjal:
Ráðherranefndartillaga

Númer skjals 12-00218-1

Norðurlandaráð

Norðurlandaráð

**B 278/näring**

Fjallað um í:
Efnahags- og viðskiptanefnd

Fylgiskjal:
Ráðherranefndartillaga

Númer skjals 12-00218-1

Norðurlandaráð

**B 278/näring**

Fjallað um í:
Efnahags- og viðskiptanefnd

Fylgiskjal:
Ráðherranefndartillaga

Númer skjals 12-00218-1

Norðurlandaráð

**B 278/näring**

Fjallað um í:
Efnahags- og viðskiptanefnd

Fylgiskjal:
Ráðherranefndartillaga

Númer skjals 12-00218-1

Norðurlandaráð

**B 278/näring**

Fjallað um í:
Efnahags- og viðskiptanefnd

Fylgiskjal:

# Sameiginlegar áskoranir og norrænt notagildi

Norðurlandaráð

**B 278/näring**

Fjallað um í:
Efnahags- og viðskiptanefnd

Fylgiskjal:
Ráðherranefndartillaga

Númer skjals 12-00218-1

## Samstarfsáætlun Norrænu ráðherranefndarinnar um vinnumál 2013 -2016

Norðurlandaráð

Norðurlandaráð

**B 278/näring**

Fjallað um í:
Efnahags- og viðskiptanefnd

Fylgiskjal:
Ráðherranefndartillaga

Númer skjals 12-00218-1

Norðurlandaráð

**B 278/näring**

Fjallað um í:
Efnahags- og viðskiptanefnd

Fylgiskjal:
Ráðherranefndartillaga

Númer skjals 12-00218-1

Norðurlandaráð

**B 278/näring**

Fjallað um í:
Efnahags- og viðskiptanefnd

Fylgiskjal:
Ráðherranefndartillaga

Númer skjals 12-00218-1

Norðurlandaráð

**B 278/näring**

Fjallað um í:
Efnahags- og viðskiptanefnd

Fylgiskjal:

**Efnisyfirlit**

**Samantekt** .......... **5**

**1. Megináskoranir á sviði vinnumála** .......... **7**

**2. Forgangsmál og markmið á tímabilinu** .......... **9**
2.1. Atvinnu- og vinnumarkaðsmál .......... 9
2.2. Vinnuvernd og vinnuréttur .......... 10
2.3. Forgangsmál allra sviða að meðtöldu afnámi stjórnsýsluhindrana .......... 11

**3. Rammar samstarfsins** .......... **13**

## Samantekt

Samstarfsáætlunin markar stefnu í formlegu samstarfi norrænu ríkisstjórnanna á sviði vinnumála fyrir tímabilið 2013-2016. Á þessu tímabili mun áherslan beinast að langtíma verkefnum í kjölfar hnattvæðingar og lýðþróunar en mun einnig eftir þörfum beinast að hagsveiflutengdum áskorunum sem koma upp á tímabilinu.

Samstarfið felst sem fyrr fyrst og fremst í miðlun reynslu og upplýsinga innan ráðherranefndar um vinnumál um aðgerðir í löndunum og niðurstöður sem snerta sameiginlegar áskoranir. Samstarfið felst einnig í mikilvægu tengslanetastarfi meðal starfsmanna í stjórnsýslu á sviði vinnumála á Norðurlöndum. Norræn reynslu- og upplýsingamiðlun, sköpun tengslaneta og samhæfing vegna aðgerða og samninga á vettvangi Evrópusambandsins ásamt innleiðingu ESB-tilskipana eru einnig miðlægir þættir í samstarfinu.

Megináhersla í samstarfi á *vinnu- og vinnumarkaðssviði* er á fjölgun starfa, aukið atvinnustig og á að draga úr atvinnuleysi kvenna og karla sem er til komið vegna skipulagsbreytinga. Markmiðið er að styrkja fjárhagsstöðu ríkjanna og sjálfbærni norrænu velferðarsamfélaganna í framtíðinni og að efla þátttöku jaðarhópa í samfélaginu. Markmiðin eru að virkja vinnuafl í löndunum, styrkja samræmi í framboði og eftirspurn eftir vinnuafli, efla símenntun með hliðsjón af þörfum vinnumarkaðarins, gera norrænu löndin eftirsóknarverð fyrir vinnuafl frá löndum utan ESB/EES sem eftirspurn er eftir, efla samhæfingu stjórnvalda sem málið varðar og að sporna gegn atvinnuleysi þeirra sem minna mega sín og langtíma-atvinnuleysi. Að sporna gegn atvinnuleysi ungs fólks er meðal megin-áskorana og mikið forgangsmál.

Eitt meginforgangsmál samstarfs á *vinnuverndarsviði* er að efla öryggi, heilsu og velferð á vinnustöðum bæði fyrir konur og karla. Markmiðið er að skapa eftirsóknarverða vinnustaði sem eru hvetjandi og fyrir alla, og þar sem áhersla er lögð á að fyrirbyggja starfstengd líkamleg og sálræn heilbrigðisvandamál. Hafa skal hliðsjón af alþjóðlegum samningum og löggjöf ESB. Markmiðið er að efla gott vinnuumhverfi á vinnustöðum, þróa enn frekar vinnuvernd og -eftirlit, koma í veg fyrir óásættanleg starfskjör, félagsleg undirboð og mismunun á vinnumarkaði, vekja athygli á mikilvægi góðra stjórnunarhátta og virkrar þátttöku starfsmanna, og að starfskraftar hvers og eins starfsmanns nýtist á sjálfbæran hátt.

Meðal forgangsmála í samstarfi á *vinnuréttarsviði* er að fylgja eftir áskorunum, aðlögun og þróun norræna kerfisins í stöðugt hnattvæddara atvinnulífi. Markmiðið er að vernda norræna kerfið og góð starfskjör á norrænum vinnumarkaði, vinnuvernd og hæfni þess til aðlögunar. Meðal markmiða samstarfsins er að tryggja jafnvægi milli launþegaverndar og sveigjanleika, efla jafnrétti og jafnræði á vinnumarkaði og að efla norrænt samstarf varðandi alþjóðlega löggjöf og þá einkum innan ESB.

Þá mun *forgangsmál allra sviða* enn sem áður vera að afnema og fyrirbyggja stjórnsýsluhindranir á norrænum vinnumarkaði til að liðka fyrir hreyfanleika á milli svæða og gera hann meira aðlaðandi og sveigjanlegri. Norræna kerfið er góður grundvöllur fyrir skilvirkan vinnumarkað og samstarf við aðila vinnumarkaðarins mun enn sem áður vera eðlilegur þáttur í norrænu samstarfi.

Nánari ákvarðanir um áherslusvið verða teknar á grundvelli *pólitískra og faglegra áskorana á hverjum tíma* og birtast í formennskuáætlunum landanna fyrir hið tiltekna svið og í starfsáætlunum og þemaáherslum nefndanna.



Norðurlandaráð

Norðurlandaráð

**B 278/näring**

Fjallað um í:
Efnahags- og viðskiptanefnd

Fylgiskjal:
Ráðherranefndartillaga

Númer skjals 12-00218-1

Norðurlandaráð

**B 278/näring**

Fjallað um í:
Efnahags- og viðskiptanefnd

Fylgiskjal:
Ráðherranefndartillaga

Númer skjals 12-00218-1

Norðurlandaráð

**B 278/näring**

Fjallað um í:
Efnahags- og viðskiptanefnd

Fylgiskjal:
Ráðherranefndartillaga

Númer skjals 12-00218-1

Norðurlandaráð

**B 278/näring**

Fjallað um í:
Efnahags- og viðskiptanefnd

Fylgiskjal:

Norðurlandaráð

**B 278/näring**

Fjallað um í:
Efnahags- og viðskiptanefnd

Fylgiskjal:
Ráðherranefndartillaga

Númer skjals 12-00218-1

**Formáli**

Norrænt samstarf á vinnumálasviði á sér langa sögu. Á það bæði við um formlegt samstarf á vettvangi Norrænu ráðherranefndarinnar og Norðurlandaráðs og óformlegt samstarf landanna á milli. Vegna sameiginlegra norrænna gilda og vegna þess að margt er sameiginlegt með norrænu löndunum getum við lært af reynslu hvers annars og samhæft sjónarmið þar sem það á við og það felur í sér *norrænt notagildi*. Það er að segja á þeim sviðum þar sem löndin geta náð betri árangri saman en hvert fyrir sig.

Markmið samstarfsáætlunar þessarar er að marka stefnu fyrir formlegt samstarf norrænu ríkisstjórnanna á vettvangi ráðherranefndar um vinnumál á tímabilinu 2013-2016. Undir samstarfið heyra vinnu- og vinnumarkaðssvið og vinnuverndar- og vinnuréttarsvið.

Í áætluninni er lögð áhersla á markvisst norrænt samstarf um verkefni sem fela í sér norrænt notagildi og efla um leið tækifæri norrænu landanna til að takast á við sameiginlegar áskoranir.

Megininntak samstarfsins mun sem fyrr felast í að gera úttektir, greina og ræða það sem líkt er og ólíkt í aðgerðum og niðurstöðum norrænu landanna varðandi sameiginlegar áskoranir. Í gegnum þetta formlega samstarf verða einnig til mikilvæg tengslanet meðal norrænna stjórnvalda á vinnumálasviði sem getur nýst löndunum vel í tilvikum sem upp kunna að koma.

Áhersla samstarfsins á þessu tímabili mun einkum beinast að fjölda markmiða um hvernig hægt sé að bregðast við langtíma áskorunum sem norrænn vinnumarkaður stendur gagnvart vegna hnattvæðingar og lýðþróunar. Áherslurnar eru þó sveigjanlegar sem er nauðsynlegt ef bregðast þarf við áskorunum sem tengjast hagsveiflum þeim sem gætu komið upp á tíma áætlunarinnar.

Samstarfið verður útlistað nánar í formennskuáætlunum landanna fyrir sviðið og árlegum starfsáætlunum fyrir hvert samstarfssvið fyrir sig.

Norðurlandaráð

Norðurlandaráð

**B 278/näring**

Fjallað um í:
Efnahags- og viðskiptanefnd

Fylgiskjal:
Ráðherranefndartillaga

Númer skjals 12-00218-1

Norðurlandaráð

**B 278/näring**

Fjallað um í:
Efnahags- og viðskiptanefnd

Fylgiskjal:
Ráðherranefndartillaga

Númer skjals 12-00218-1

Norðurlandaráð

**B 278/näring**

Fjallað um í:
Efnahags- og viðskiptanefnd

Fylgiskjal:
Ráðherranefndartillaga

Númer skjals 12-00218-1

Norðurlandaráð

**B 278/näring**

Fjallað um í:
Efnahags- og viðskiptanefnd

Fylgiskjal:

Norðurlandaráð

**B 278/næring**

Fjallað um í:
Efnahags- og viðskiptanefnd

Fylgiskjal:
Ráðherranefndartillaga

Númer skjals 12-00218-1

## 1. Megináskoranir á sviði vinnumála

Vinnu- og vinnumarkaðsmál gegna mikilvægu hlutverki í þróun norrænu velferðarsamfélaganna, atvinnulífs og einstaklinga. Áhrifa áskorana í vinnu- og vinnumarkaðsmálum gætir á mörgum stigum samfélaga á Norðurlöndum. Ríkisstjórnir norrænu landanna þurfa jafnóðum að taka afstöðu til hvernig beita megi stefnumörkun á vinnu- og vinnumarkaðssviði og samstarfi við aðila vinnumarkaðarins til að bregðast við áskorunum vinnumarkaðarins til að efla hagvöxt og atvinnu. Vegna norræns samstarfs á sviði vinnumála eiga ríkisstjórnirnar aðgengi að gagnlegum upplýsingum og hugmyndum sem nýtast í því starfi.

Þróun vinnumarkaðar í norrænu löndunum verður fyrir síauknum áhrifum langtímaþróunar, en þar skipta mestu þættirnir hnvattvæðing og lýðþróun. Þessum þáttum fylgja ný tækifæri og nýjar áskoranir í senn. Jafnframt gætir mikilla áhrifa hagsveiflna á vinnumarkaði sem þarf að bregðast hratt við.

Vegna *hnattvæðingar* mun það áfram vera megináskorun til lengri tíma að efla sveigjanleika og samkeppnishæfni norrænna vinnumarkaða. Það mun auka möguleika á að jafna út fækkun starfa vegna skipulagsbreytinga, þ.m.t. á sviðum sem verða undir í aukinni samkeppni á heimsmörkuðum, og bjóða fram vinnuafl sem hefur þá hæfni sem eftirspurn er eftir á hagvaxtarsviðum. Frá hnattrænu sjónarhorni verður vinnuaflið æ hreyfanlegra. Því fylgja auknar kröfur um að tryggja jafnvægi milli launþegaverndar og sveigjanleika og að vinnuaflið búi yfir þeirri hæfni sem eftirspurn er eftir á vinnumarkaði.

Hnattvæðingin eykur einnig samkeppni um þá hæfustu á heimsmarkaði. Megináskorunin er hér að efla og kynna kosti þess að starfa og búa í norrænu löndunum, þ.m.t. að gera norræna vinnumarkaði enn eftirsóknarverðari meðal annars með góðum starfskjörum og góðu starfsumhverfi sem stuðlar að góðri heilsu, eykur vellíðan og er hvetjandi og á þátt í að lengja starfsævina.

Vegna lýðþróunar mun það áfram vera megináskorun til lengri tíma að tryggja nægilegt vinnuafl á almennum og opinberum vinnumarkaði. Það mun vera afgerandi fyrir tækifæri fyrirtækja á almennum vinnumarkaði til hagvaxtar, fyrir möguleika opinbera geirans á að takast á við aukna þörf fyrir velferðarþjónustu og fjármögnun velferðarsamfélaga á Norðurlöndum í framtíðinni.

Þessari áskorun fylgir mikið álag fyrir norrænu löndin þar sem atvinnuþátttaka er mjög há. Að auki koma aðrar áskoranir sem eru tiltölulega miklar fjarvistir vegna veikinda á Norðurlöndum og það hversu stór hluti íbúa á Norðurlöndum á vinnufærum aldri sem af ýmsum ástæðum stendur utan vinnumarkaðar og lifir af opinberri framfærslu.

Megináskoranir fyrir stefnu í vinnu- og vinnumarkaðsmálum eru að auka framboð vinnuafls m.a. með því að lengja starfsævina og að efla þátttöku jaðarhópa samfélagsins á vinnumarkaði. Þetta gerir nýjar og meiri kröfu til vinnuverndar á vinnustöðum fyrirtækja sem og stjórnvalda, skipulagningu vinnunnar og aðlögun vinnustaða að hverjum og einum starfsmanni. Önnur megináskorun á þessu sviði er að tryggja að starfsmenn búi yfir þeirri hæfni og þekkingu sem eftirspurn er eftir á vinnumarkaði, og að sífellt stærri hluti vinnuafls og þeirra sem bjóða upp á þjónustu koma annars staðar að – einnig frá löndum utan ESB/EES-svæðisins.

Norðurlandaráð

Norðurlandaráð

**B 278/næring**

Fjallað um í:
Efnahags- og viðskiptanefnd

Fylgiskjal:
Ráðherranefndartillaga

Númer skjals 12-00218-1

Norðurlandaráð

**B 278/næring**

Fjallað um í:
Efnahags- og viðskiptanefnd

Fylgiskjal:
Ráðherranefndartillaga

Númer skjals 12-00218-1

Norðurlandaráð

**B 278/næring**

Fjallað um í:
Efnahags- og viðskiptanefnd

Fylgiskjal:
Ráðherranefndartillaga

Númer skjals 12-00218-1

Norðurlandaráð

**B 278/næring**

Fjallað um í:
Efnahags- og viðskiptanefnd

Fylgiskjal:

Vegna hnattvæðingar og lýðþróunar eykst þörf fyrir erlent vinnuafl á Norðurlöndum, en auknir fólksflutningar eru einnig áskorun fyrir ‚norræna líkanið'. Því getur fylgt aukið álag á ýmsa velferðarþjónustu, aukin samkeppni varðandi lág laun og tilhneiging til að sniðganga reglur um heilbrigði og öryggi á vinnustöðum. Megináskorunin á vinnu- og vinnumarkaðssviði er að tryggja að farið sé að kjarasamningum og að félagsleg undirboð og óásættanleg starfskjör viðgangist ekki. Það mun einnig eiga þátt í að efla jafna og heilbrigða samkeppnisstöðu hjá fyrirtækjum og launafólki á norrænum vinnumarkaði.

Það er einnig áskorun að styrkja möguleika norrænu vinnumarkaðanna til að verða vistvænni og draga úr losun koltvísýrings og bjóða upp á vinnuafl sem býr yfir þeirri hæfni sem þörf er á í nýjum greinum og sviðum sem verða til á þeim grundvelli.

Hvað varðar aukið *atvinnuleysi vegna hagsveiflna* er megináskorunin yfirleitt sú að bregðast þarf við með stuttum fyrirvara til að vinna bug á auknu atvinnuleysi meðal ungs fólks og annarra hópa sem minna mega sín ásamt auknu langtímaatvinnuleysi, sem getur haft alvarlegar afleiðingar fyrir hvern og einn, fyrir efnahagsstöðu hins opinbera og fyrir velferðarsamfélög á Norðurlöndum.



Norðurlandaráð

Norðurlandaráð

**B 278/näring**

Fjallað um í:
Efnahags- og viðskiptanefnd

Fylgiskjal:
Ráðherranefndartillaga

Númer skjals 12-00218-1

Norðurlandaráð

**B 278/näring**

Fjallað um í:
Efnahags- og viðskiptanefnd

Fylgiskjal:
Ráðherranefndartillaga

Númer skjals 12-00218-1

Norðurlandaráð

**B 278/näring**

Fjallað um í:
Norðurlandaráð
Efnahags- og viðskiptanefnd

**B 278/näring**
Fylgiskjal:
Ráðherranefndartillaga
Fjallað um í:



Efnahags- og viðskiptanefnd
Númer skjals 12-00218-1

Fylgiskjal:

## 2. Forgangsmál og markmið á tímabilinu

Meginmarkmið norræns samstarfs á sviði vinnumála er að tryggja skilvirkan norrænan vinnumarkað og vinnumál á samkeppnisbærum Norðurlöndum.

Samstarf á vinnu- og vinnumarkaðssviði mun beina sjónum að því hvernig best megi efla jafnrétti kynjanna á vinnumarkaði og sporna gegn mismunun og óásættanlegum mismuni í starfskjörum og vinnuverndar-málum vegna kyns, skertrar starfsgetu, aldurs eða etnísks uppruna með sérstakri áherslu á aðskilnað á vinnumarkaði.

Hér á eftir eru tilgreind helstu markmið samstarfs norrænu ríkisstjórnanna á tímabili áætlunarinnar fyrir sviðin atvinnu- og vinnumarkaðsmál ásamt vinnuverndar- og vinnuréttarsviði.

Samstarfið mun vera nægilega sveigjanlegt til að hægt verði að bregðast við hagsveiflutengdum áskorunum, kreppuástandi af ýmsum toga og hugsanlegum breytingum í pólitískum og faglegum áherslum sem gætu komið upp á þessu tímabili.

Markmiðin verða nánar útlistuð í árlegum formennskuáætlunum fyrir hvert svið fyrir sig og í árlegum starfsáætlunum nefndanna og þemaáherslum.

### 2.1. Atvinnu- og vinnumarkaðsmál

Forgangsmál samstarfs á sviði *atvinnu- og vinnumarkaðsmála* er að efla framboð starfa, auka atvinnustig – ekki síst meðal ungs fólks – og draga úr atvinnuleysi vegna skipulagsbreytinga. Þar mun samspil stefnu í efnahagsmálum og mennta- og vinnumarkaðsmálum skipta miklu máli. Samstarfið mun vera í samræmi við og um leið viðbót við ESB-/EES-samstarf á þessu sviði.

Mikilvægustu markmið á sviði atvinnu- og vinnumarkaðsmála eru:

*Að virkja eins stóran hluta vinnuafls í löndunum og kostur er*
Áhersla verður lögð á að efla þátttöku ungs fólks, þ.m.t. námsfólks, fyrr og betur, á vinnumarkaði, og um leið á að hvetja eldra fólk til að vera lengur á vinnumarkaði. Einnig verður lögð áhersla á að draga úr fjarvistum starfsfólks vegna veikinda og að auka þátttöku hópa sem hafa ekki góð tengsl við vinnumarkaðinn, þ.m.t. innflytjendur og fólk með skerta starfsgetu, á vinnumarkaði. Einnig þarf að huga að þeim sem nú þegar vinna hlutastörf og sem vilja auka starfshlutfall sitt.

*Efla samræmi milli framboðs og eftirspurnar eftir vinnuafli*
Áhersla mun beinast að því hvernig efla má hreyfanleika á vinnumarkaði til að draga úr flöskuhálsum og komast hjá því að um leið og skortur er á starfsfólki innan sérstakra starfsstétta eða greina eru margir í sama fagi atvinnulausir. Þetta lýtur m.a. að hvatakerfum og kröfum sem snerta hvern og einn atvinnulausan og því hvernig vinnumiðlun fer fram. Gagnkvæm viðurkenning á hæfni er sem fyrr einnig mikilvægt þema.

*Efla símenntun sem tekur markvisst mið af þörfum vinnumarkaðarins*
Áherslu mun beint að því hvernig best megi þróa hæfni og þekkingu vinnuaflsins á grundvelli eftirspurnar til að tryggja að vinnuaflið búi stöðugt yfir þeirri hæfni sem bæði opinber og almennur vinnumarkaður kallar eftir. Almennt séð á þetta við um menntun ungs fólks og hæfniþróun fullorðinna en er ekki síður mikilvægt í sambandi við mark-

Norðurlandaráð

**B 278/näring**

Fjallað um í:
Efnahags- og viðskiptanefnd

Fylgiskjal:
Ráðherranefndartillaga

Númer skjals 12-00218-1

Norðurlandaráð

Norðurlandaráð

**B 278/näring**

Fjallað um í:
Efnahags- og viðskiptanefnd

Fylgiskjal:
Ráðherranefndartillaga

Númer skjals 12-00218-1

Norðurlandaráð

**B 278/näring**

Fjallað um í:
Efnahags- og viðskiptanefnd

Fylgiskjal:
Ráðherranefndartillaga

Númer skjals 12-00218-1

Norðurlandaráð

**B 278/näring**

Fjallað um í:
Efnahags- og viðskiptanefnd

Fylgiskjal:
Ráðherranefndartillaga

Númer skjals 12-00218-1

Norðurlandaráð

**B 278/näring**

Fjallað um í:
Efnahags- og viðskiptanefnd

Fylgiskjal:

miðið um að viðhalda tengslum eldra starfsfólks við vinnumarkaðinn og efla þátttöku hópa sem minna mega sín á vinnumarkaði.

<u>*Sporna gegn atvinnuleysi meðal hópa sem standa höllum fæti og langtímaatvinnuleysi*</u>
Áhersla mun beinast að því að sporna gegn atvinnuleysi ungs fólks með skilvirkum vinnumarkaðs- og menntunarúrræðum til að efla hæfniþróun og þátttöku á vinnumarkaði. Athyglin mun einkum beinast að ungu atvinnulausu fólki sem hefur takmarkaða menntun. Einnig aðrir hópar, sem eiga erfitt með að fóta sig á vinnumarkaði, t.d. innflytjendur, einstaklingar með litla menntun eða skerta starfsgetu og langtíma atvinnulausir, munu vera í brennidepli.

<u>*Styrkja aðdráttarafl vegna vinnuafls sem eftirspurn er eftir frá löndum utan ESB/EES*</u>
Áhersla mun beinast að því hvernig megi gera norrænan vinnumarkað eftirsóknarverðan fyrir erlent vinnuafl í löndum utan ESB/EES. Tengls milli vaxandi fólksflutninga vegna atvinnu, hagvaxtar og sjálfbærni norrænu velferðarkerfanna til lengri tíma litið er í þessu samhengi meðal mikilvægra málaflokka.

<u>*Efla samræmingu meðal þeirra stjórnvalda sem málið varðar*</u>
Áhersla mun verða á að efla samræmingu meðal þeirra stjórnvalda og stofnana sem þessir málaflokkar varða, bæði í löndunum og milli þeirra til að auka möguleika á að atvinnulausir, sjúkraskrifaðir og aðrir sem eiga við vandamál að stríða að auki atvinnuleysi, fljótt og skilvirkt geti fundið leiðir til virkrar þátttöku á vinnumarkaði.

### 2.2. Vinnuvernd og vinnuréttur

Eitt meginforgangsmál samstarfs á *vinnuverndarsviði* er að efla öryggi, heilsu og velferð á vinnustað. Markmiðið er starfsumhverfi sem er eftirsóknarvert, hvetjandi og fyrir alla, og sem kemur í veg fyrir starfstengd heilbrigðisvandamál. Við þróun þess skal jafnframt taka mið af alþjóðlegum samningum og löggjöf ESB.

Eitt meginforgangsmál í samstarfi á *vinnuréttarsviði* er að fylgja eftir kjörum, áskorunum og aðlögun norræna kerfisins, og þróa það áfram í samræmi við stöðugt hnattvæddara vinnu- og atvinnulíf.

Það á við um bæði þessi svið að það er einkar mikilvægt að leggja áherslu á og efla sameiginlega reynslu- og upplýsingamiðlun, að byggja upp tengslanet og samhæfingu í aðgerðum og samningum innan ESB og þá einkum í sambandi við innleiðingu ESB-tilskipana, sem hafa þýðingu fyrir vinnuvernd og á sviði vinnuréttar.

Mikilvægustu markmið samstarfs á sviði vinnuverndar og vinnuréttar eru:

<u>*Að efla líkamlega og sálræna vinnuvernd á vinnustöðum*</u>
Áherslan mun beinast að því að þróa og bæta aðstæður á vinnustöðum og er þar átt við aðstæður sem snerta líkamlega, sálræna, skipulagslega og félagslega þætti. Til að draga úr vinnuslysum og starfstengdum sjúkdómum mun lögð áhersla á kerfisbundið fyrirbyggjandi starf. Gott starfsumhverfi getur einnig verið hvati til að lengja starfsævina. Athyglin mun m.a. beinast að þeim hópum, sviðum eða starfsgreinum sem eru undir hvað mestu álagi á norrænum vinnumarkaði ásamt aðferðum til að bæta aðstæður. Önnur mikilvæg þemu eru hvernig bregðast megi við



Norðurlandaráð

Norðurlandaráð

**B 278/näring**

Fjallað um í:
Efnahags- og viðskiptanefnd

Fylgiskjal:
Ráðherranefndartillaga

Númer skjals 12-00218-1

Norðurlandaráð

**B 278/näring**

Fjallað um í:
Efnahags- og viðskiptanefnd

Fylgiskjal:
Ráðherranefndartillaga

Númer skjals 12-00218-1

Norðurlandaráð

**B 278/näring**

Fjallað um í:
Efnahags- og viðskiptanefnd

Fylgiskjal:
Ráðherranefndartillaga

Númer skjals 12-00218-1

Norðurlandaráð

**B 278/näring**

Fjallað um í:
Efnahags- og viðskiptanefnd

Fylgiskjal:

streitueinkennum vegna aukinna krafna um aðgengi og sem afleiðing þess, skorti á hvíld.

*Stefnumörkun varðandi vinnuvernd og -eftirlit*
Áhersla mun lögð á áframhaldandi stefnumörkun varðandi vinnuvernd og -eftirlit þar sem höfð verður hliðsjón af forgangsröðun í stefnumörkun ESB í vinnuverndarmálum og öðru alþjóðlegu samstarfi á þessu sviði. Leitast verður við að efla samstarf norrænu landanna og við aðila vinnumarkaðarins og að fylgjast grannt með þróun vinnuverndarmála í löndunum sem og að bera kennsl á mikilvæg svið þar sem vænta má að norrænt samstarf hafi augljóst notagildi.

*Vinna gegn óásættanlegum starfskjörum, félagslegu undirboði og mismunun á vinnumarkaði*
Sjónum verður beint að því hvernig þróa megi Norðurlönd sem eftirsóknarverðan vinnumarkað þar sem áhersla er á faglega hæfni og háa staðla varðandi starfskjör og vinnuvernd, til að laða að það erlenda vinnuafl sem eftirspurn er eftir. Áherslan mun jafnframt beinast að því að fyrirbyggja að aukinn innflutningur vinnuafls og láglaunasamkeppni leiði til óásættanlegra starfskjara, félagslegs undirboðs og mismunun á norrænum vinnumarkaði. Því verður reynslu af góðum aðferðum og aðgerðum miðlað og einnig verður kannað hvort hægt sé að efla samstarf milli þeirra norrænu stjórnvalda sem málið varðar.

*Að upplýsa um mikilvægi góðrar stjórnunar og virkrar þátttöku starfsmanna*
Áhersla mun beinast að mikilvægi góðrar stjórnunar og virkrar þátttöku starfsmanna í þróun staðla um vinnuvernd, góðrar heilsu í starfi og framleiðni á vinnustöðum jafnt á almennum vinnumarkaði sem innan opinbera geirans.

*Að nýta starfskrafta hvers og eins stafsmanns á sjálfbæran hátt*
Sjónum mun beint að því hvernig hægt sé að nýta krafta hvers og eins starfsmanns á sjálfbæran hátt til að tengja vinnu- og einkalíf á jákvæðan hátt á ólíkum skeiðum lífsins, til að draga úr streitu, fjarvistum vegna veikinda og sliti, og til að koma í veg fyrir einangrun frá vinnumarkaði og að fólk hætti snemma að vinna. Hér verður einnig hugað að sveigjanleika á vinnustöðum, m.a. varðandi vinnutíma og fjarvinnu.

*Tryggja gott jafnvægi milli launþegaverndar og sveigjanleika*
Áherslan mun beinast að líkönum fyrir hvernig tryggja má gott jafnvægi milli launþegaverndar og sveigjanleika til að efla aðlögunarhæfni norræns vinnumarkaðar enn frekar. Einnig verður leitast við að fylgjast með því hvernig best er staðið að skipulagningu og framkvæmd breytinga, innleiðingu nýrra starfa og öðruvísi nýtingu vinnuafls svo komist verði hjá neikvæðum afleiðingum bæði fyrir hvern og einn, fyrirtækin og þjóðhagslega.

*Efla norrænt samstarf varðandi alþjóðlega löggjöf*
Lögð verður áhersla á hvernig hægt sé varðveita og þróa norræna líkanið með verkaskiptingu og þekkingarmiðlun og samstarfi um alþjóðleg tengsl. Þar er einkum átt við tengslin við ESB, ILO Evrópuráðið, OECD, SÞ og gagnvart alþjóðlegum staðlastofnunum.

## 2.3. Forgangsmál allra sviða að meðtöldu afnámi stjórnsýsluhindrana


Norðurlandaráð

**B 278/näring**

Fjallað um í:
Efnahags- og viðskiptanefnd

Fylgiskjal:
Ráðherranefndartillaga

Númer skjals 12-00218-1


Norðurlandaráð

Norðurlandaráð

**B 278/näring**

Fjallað um í:
Efnahags- og viðskiptanefnd

Fylgiskjal:
Ráðherranefndartillaga

Númer skjals 12-00218-1

Norðurlandaráð

**B 278/näring**

Fjallað um í:
Efnahags- og viðskiptanefnd

Fylgiskjal:
Ráðherranefndartillaga

Númer skjals 12-00218-1

Norðurlandaráð

**B 278/näring**

Fjallað um í:
Efnahags- og viðskiptanefnd

Fylgiskjal:
Ráðherranefndartillaga

Númer skjals 12-00218-1

Norðurlandaráð

**B 278/näring**

Fjallað um í:
Efnahags- og viðskiptanefnd

Fylgiskjal:

Sem fyrr mun það að fyrirbyggja og afnema stjórnsýsluhindranir vera *forgangsmál allra sviða*. Hverju landi ber að leggja mat á stjórnsýsluhindranir en MR-A mun einnig fylgjast náið með þessum málaflokki. Í samstarfi við MR-S hefur vinnumálasvið framkvæmt gagngera kortlagningu af stjórnsýsluhindrunum á sviði félags- og vinnumarkaðsmála á Norðurlöndum. Raunverulegar stjórnsýsluhindranir skapa óþarfa vanda á sameiginlegum norrænum vinnumarkaði. Með því að fækka hindrunum má auka tækifæri fyrir norræna borgara til að flytjast búferlum og hefja störf í öðru norrænu landi sem einnig mun verða til þess að auka aðgengi að hæfu vinnuafli á Norðurlöndum. Samstarf við vinnumiðlunarsamstarfið EURES á landamærasvæðum er mikilvægt í þessu samhengi.

MR-A mun almennt séð taka þátt í samstarfi við önnur svið og stofnanir á vegum Norrænu ráðherranefndarinnar sem og önnur alþjóðleg samtök þar sem það felur í sér norrænt notagildi. Samstarfi við grannsvæði Norðurlanda verður haldið áfram þar sem það er mikilvægt, að meðtöldum Eystrasaltsríkjunum og Póllandi.



Norðurlandaráð

Norðurlandaráð

**B 278/näring**

Fjallað um í:
Efnahags- og viðskiptanefnd

Fylgiskjal:
Ráðherranefndartillaga

Númer skjals 12-00218-1

Norðurlandaráð

**B 278/näring**

Fjallað um í:
Efnahags- og viðskiptanefnd

Fylgiskjal:
Ráðherranefndartillaga

Númer skjals 12-00218-1

Norðurlandaráð

**B 278/näring**

Fjallað um í:
Efnahags- og viðskiptanefnd

Fylgiskjal:
Ráðherranefndartillaga

Númer skjals 12-00218-1

Norðurlandaráð

**B 278/näring**

Fjallað um í:
Efnahags- og viðskiptanefnd

Fylgiskjal:

## 3. Rammar samstarfsins

Ráðherranefnd um vinnumál (MR-A) ber meginábyrgð á norrænu samstarfi á sviði vinnu- og vinnumarkaðsmála og er mikilvægur vettvangur fyrir umræður og miðlun reynslu meðal norrænna ráðherra á sviði atvinnu-, vinnumarkaðs- og vinnuverndarmála um hvernig best sé að takast á við sameiginlegar áskoranir á sviði vinnu- og vinnumarkaðsmála.

Frá árinu 1954 hefur norrænt samstarf á sviði vinnumarkaðsmála byggt á *Samningi um sameiginlegan norrænan vinnumarkað* sem síðast var endurskoðaður árið 1982 og öðlaðist gildi árið 1983. Í samningnum leggja norrænu ríkisstjórnirnar meðal annars áherslu á, að það séu grundvallarréttindi borgaranna að vera frjálst að hefja störf og setjast að í öðru norrænu landi. Einnig er lögð áhersla á að markmið ríkisstjórnanna er að viðhalda fullri atvinnu í hverju landi fyrir sig og að hafa um það samstarf. Frjáls för vinnuaflsins í norrænu löndunum er óháð skuldbindingum vegna samninga á ESB/EES-svæðinu. Norrænt samstarf verður þó fyrir æ meiri áhrifum af þróun sameiginlegs evrópsk vinnumarkaðar, en frjáls för vinnuaflsins fellur að mestu leyti undir reglur í samræmi við ESB-rétt og samning um Evrópska efnahagssvæðið (EES).

Á sviði vinnuverndar byggir samstarfið á *Norrænum sáttmála um vinnuvernd* frá árinu 1989. Þar er kveðið á um grundvallarreglur um norrænt samstarf á sviði vinnuverndar. Í sáttmálanum er kveðið á um grundvallarreglur samstarfsins, en meginmarkmið þess er að vinna að æ betra, heilbrigðara og öruggara vinnuumhverfi.

Embættismannanefnd um vinnumál (EK-A) hefur skipulag samstarfsins með höndum, hún gerir áætlun um og skiptir fjárveitingum MR-A innan sviðsins. Sveigjanleg uppbygging er mikilvæg ef norrænt samstarf á sviði vinnu- og vinnumarkaðsmála á að geta hrint í framkvæmd og fylgt eftir mikilvægum málum sem ofarlega eru á baugi hverju sinni. EK-A hefur sett á fót þrjár fastanefndir, Vinnumarkaðsnefndina, Vinnuverndarnefndina og Vinnuréttarnefndina og skipar tímabundna (ad-hoc) starfshópa ef þess gerist þörf.

Nefndirnar og hóparnir gegna mikilvægu hlutverki fyrir miðlun reynslu á milli landann hver á sínu ábyrgðarsviði. Fastanefndirnar hafa einnig yfir að ráða verkefnafé sem þær nota aðallega til að bæta forsendur reynslumiðlunar. Það er meðal annars gert með því að kortleggja og greina það sem líkt er og ólíkt í aðgerðum og áhrifum þeirra í löndunum. Hlutverk þeirra er einnig leggja hugmyndir fyrir EK-A og MR-A, m.a. með því að bera kennsl á og leggja fram til umræðu mikilvæg og áhugaverð pólítísk og fagleg þemu.

Á þessu tímabilið er það markmið að leggja aukna áherslu á að ræða reynslu og sameiginleg viðfangsefni.

Undir norrænt samstarf á sviði vinnumála heyrir einnig *Stofnunin um framhaldsmenntun á vinnuverndarsviði* (NIVA) í Helsinki, en þar eru haldin námskeið og málþing á ensku um vinnuverndarmál á Norðurlöndum (www.niva.org). Jafnframt fjármagnar ráðherranefndin að hluta til *Nordjobb-áætlunina* sem er áætlun fyrir unga Norðurlandabúa sem vilja vinna sumarstörf í öðru norrænu landi (www.nordjobb.net). Ráðherranefndin fjármagnar einnig Upplýsingaverkefni um vinnumál á Norðurlöndum á skandínavísku og ensku (www.arbeidslivinorden.org).



Norðurlandaráð

Norðurlandaráð

**B 278/næring**

Fjallað um í:
Efnahags- og viðskiptanefnd

Fylgiskjal:
Ráðherranefndartillaga

Númer skjals 12-00218-1

Norðurlandaráð

**B 278/næring**

Fjallað um í:
Efnahags- og viðskiptanefnd

Fylgiskjal:
Ráðherranefndartillaga

Númer skjals 12-00218-1

Norðurlandaráð

**B 278/næring**

Fjallað um í:
Efnahags- og viðskiptanefnd

Fylgiskjal:
Ráðherranefndartillaga

Númer skjals 12-00218-1

Norðurlandaráð

**B 278/næring**

Fjallað um í:
Efnahags- og viðskiptanefnd

Fylgiskjal:

Á eftirfarandi skipuriti má sjá stöðuna árið 2012:




Á hverju ári leggja nefndirnar, ásamt NIVA, Nordjobb og Upplýsinga-verkefninu, fram starfsáætlun fyrir komandi ár ásamt ársskýrslu um niðurstöður og reikninga fyrir fyrra ár. Skipting EK-A á fjárveitingu fyrir MR-A byggir á þessum skýrslum.

Aðilar vinnumarkaðarins taka þátt í stefnumörkun á sviði vinnu- og vinnumarkaðsmála og og norrænu velferðarsamfélaganna og eru einnig mikilvægir samstarfsaðilar fyrir Norrænu ráðherranefndina. MR-A og aðilar vinnumarkaðarins leiða saman hesta sína í samtali sem getur átt sér stað á þemafundum, ráðstefnum, samráðsfundum o.fl.

Lagt verður mat á framkvæmd samstarfsáætlunarinnar áður en tímabilinu lýkur og um leið hugað að næstu samstarfsáætlun.




Norðurlandaráð

Norðurlandaráð

**B 278/näring**

Fjallað um í:
Efnahags- og viðskiptanefnd

Fylgiskjal:
Ráðherranefndartillaga

Númer skjals 12-00218-1

Norðurlandaráð

**B 278/näring**

Fjallað um í:
Efnahags- og viðskiptanefnd

Fylgiskjal:
Ráðherranefndartillaga

Númer skjals 12-00218-1

Norðurlandaráð

**B 278/näring**

Fjallað um í:
Efnahags- og viðskiptanefnd

Fylgiskjal:
Ráðherranefndartillaga

Númer skjals 12-00218-1

Norðurlandaráð

**B 278/näring**

Fjallað um í:
Efnahags- og viðskiptanefnd

Fylgiskjal: